



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 9/2021

Lénið polsen.is

I.

Erindið

Neytendastofu barst erindi Poulsen ehf. með bréfi, dags. 24. júní 2020, þar sem kvartað var yfir notkun Orku ehf. á léninu polsen.is.

Í bréfinu kemur fram að Poulsen telji að með notkun á léninu polsen.is hafi Orka brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, einkum ákvæðum 5. gr. og 15. gr. a. Því krefjist Poulsen þess að Neytendastofa banni Orku notkun á léninu polsen.is í tengslum við starfsemi félagsins og geri félaginu að afskrá lénið hjá ISNIC, sbr. 2. mgr. 21. gr. c laga nr. 57/2005. Þá sé þess krafist að stofnunin leggi stjórnvaldssekt á Orku vegna brots á 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, sbr. a-lið 1. mgr. 22. gr. sömu laga.

Í erindinu er tekið fram að Poulsen flytji inn og selji varahluti í bifreiðar og iðnvélar, og að fyrirtækið hafi hafið störf hér á landi árið 1910. Þá reki félagið jafnframt verkstæðisþjónustu fyrir bifreiðar og vefverslun á léninu poulsen.is. Félagið hafi skráð lénið poulsen.is árið 1997 og haldið því úti frá þeim tíma. Starfsemi félagsins hafi þó verið rekin undir vörumerkinu POULSEN allt frá stofnun þess.

Orka sé keppinautur Poulsen, sem meðal annars flytji inn og selji varahluti í bifreiðar og reki auk þess þjónustuverkstæði. Orka haldi úti léninu bilrudur.is, þar sem finna megi upplýsingar um starfsemina.

Nýlega hafi Poulsen orðið þess áskynja að lénið polsen.is hafi verið skráð hjá ISNIC þann 14. maí 2020. Samkvæmt réttthafaskrá ISNIC sé réttthafi lénsins skráður með NIC-auðkennið PHG1-IS. Það virðist hins vegar blasa við að umræddur réttthafi tengist Orku enda sé viðkomandi framsendur beint á vefsíðu Orku, bilrudur.is, þegar lénið polsen.is sé slegið inn. Lénið sé því notað af Orku til að beina viðskiptavinum yfir á vefsíðu félagsins. Hið nýja lén Orku sé augljóslega mjög líkt léni Poulsen, en einungis muni einum bókstaf á lénunum. Þá sé framburður þeirra sá sami.



Poulsen telji verulega hættu á því að neytendur ruglist á hinu nýja léni Orku og léni Poulsen og eigi þann kost einan að senda inn umrædda kvörtun.

Um lagarök er í bréfinu vísað til 5. gr. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Poulsen telji augljóst að háttsemi Orku brjóti gegn ákvæði 1. másl. 15. gr. a. þar sem lénið polsen.is innihaldi firmaheiti Poulsen í heild sinni, en aðeins muni einum bókstaf. Orka sé þannig að nota firmanafn Poulsen í atvinnustarfsemi sinni, án þess að hafa rétt til. Jafnframt vísar Poulsen til 2. másl. sama ákvæðis og vísar máli sínu til stuðnings í lögskýringargögn og dóm Hæstaréttar frá 28. febrúar 2013 í máli nr. 538/2012.

Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 sé einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu sé litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Telur Poulsen að báðir þættir séu uppfylltir í umræddu máli, enda séu Poulsen og Orka keppinautar sem starfa við sölu á varahlutum í bifreiðar og þjónustu í tengslum við slíka varahluti, ásamt því að starfa báðir á sama markaðssvæði, Íslandi.

Þá liggja fyrir í málinu að firmaheiti Poulsen sé Poulsen ehf. og að félagið sé rétthafi lénsins poulsen.is, þar sem starfsemi vefverslunar félagsins fari fram og starfsemin í heild sinni sé auglýst. Poulsen hafi því rétt til notkunar á auðkenninu POULSEN, bæði á grundvelli skráðs firmaheitis hjá fyrirtækjaskrá og á grundvelli skráðs léns hjá ISNIC. Lén Orku, polsen.is, hafi hins vegar verið skráð í maí 2020.

Poulsen telji því að skoða þurfi hvort notkun þess sem síðar hóf notkun, í þessu tilviki notkun Orku á léninu polsen.is, veiti villandi upplýsingar um eignarrétt eða valdi því að ruglingshætta skapist á milli aðila. Að mati Poulsen sé einsýnt að notkun Orku á léninu polsen.is skapi verulega ruglingshættu við bæði lén Poulsen og firmaheiti félagsins. Ótvírætt sé að aðilar séu keppinautar sem starfi á sama markaði. Vöru- og þjónustulíking sé því alger. Þá telji Poulsen verulega ruglingshættu á milli lénanna. Lén Orku innihaldi lén Poulsen í heild sinni, og þar með auðkenni sem Poulsen noti í starfsemi sinni. Sjón- og hljóðlíkindi séu alger, enda aðeins bókstafurinn „u“ sem skilji á milli léna aðila. Ruglingshætta sé því ótvírætt til staðar að mati Poulsen og að verulegar líkur séu á því að almenningur telji viðskiptaleg tengsl á milli lénanna tveggja eða séu vegna misritunar leiddir inn á vefsíðu Orku.

Framangreindu til viðbótar bendi Poulsen á að Orka virðist ekki nota lénið polsen.is til auðkenningar á starfsemi sinni að öðru leyti en því að vísa neytendum beint inn á vefsíðuna bilrudur.is, sem félagið noti fyrir starfsemi sína. Poulsen fái því ekki annað séð en að Orka sé beinlínis og eingöngu að nota lénið í þeim tilgangi að nýta sér það orðspor og viðskiptavild sem Poulsen hafi byggt upp í starfsemi sinni á undanförunum áratugum og ná af félaginu viðskiptum í vondri trú og með óréttmætum hætti.



Með hliðsjón af öllu framangreindu telji Poulsen að sýnt hafi verið fram á að háttsemi Orku feli í sér brot gegn ákvæðum 5. og 15. gr. a. laga nr. 57/2005. Þegar af þeirri ástæðu beri Neytendastofu að fallast á kröfur Poulsen og banna Orku að nota lénið polsen.is í tengslum við starfsemi félagsins, gera félaginu að afskrá lénið og leggja á félagið stjórnvaldssekt fyrir brot á sömu ákvæðum.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Poulsen var sent Orku til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 6. júlí 2020. Svar barst Neytendastofu með bréfi, dags. 15. ágúst 2020. Í bréfinu fólst ekki svar Orku við erindi Poulsen, dags. 24. júní 2020, heldur var aðeins óskað eftir endurupptöku á máli Neytendastofu nr. 20/2012 á milli sömu aðila og fjallaði um notkun á léninu orka.is. Svaraði Neytendastofa erindi Orku með bréfi, dags. 20. ágúst 2020. Neytendastofa telur ekki tilefni til að fjalla frekar um innihald þeirra samskipta í máli þessu, enda málinu óviðkomandi. Í bréfinu óskaði stofnunin að nýju eftir athugasemdum Orku við kvörtun Poulsen sem mál þetta er sprottið af.

Svar Orku barst með bréfi, dags. 3. september 2020. Vísaði félagið til þess að léninu polsen.is væri ætlað það hlutverk að geyma vefsíðu sem snúi að nýrri og væntanlegri vörulínu félagsins. Vörurnar sem um ræðir megi m.a. sjá á vefsíðunni polsenaudio.com. Bauð Orka fulltrúum Neytendastofu að mæta í verslun félagsins og sjá sýningareintak af nýjustu Polsen heyrnatólunum. Þar sem ekki hafi verið búið að ganga frá endanlegum samningum og varan ekki komin í sölu óskaði félagið eftir því að stofnunin gætti fyllsta trúnaðar um áætlanir félagsins, að svo stöddu.

Til þess að gæta fyllstu varúðar og eyða allri mögulegri ruglingshættu við Poulsen hafi Orka lagfært lendingarsíðuna sem polsen.is geymir. Þegar farið sé inn á lénið birtist mynd af nýjustu Polsen heyrnatólunum og skilaboð um að varan sé væntanleg og að heimasíðan sé í vinnslu. Þar sem að félagið geti ekki byrjað að selja umræddar vörur og þar sem að síðan sé enn í vinnslu séu aðilar áframsendir á heimasíðu Orku, að svo stöddu.

Þá bendi félagið á að við mat á ruglingshættu í máli þessu verði að líta til þess að engin starfsemi sé á vefsíðunni polsen.is og sú starfsemi sem þar muni fara fram muni ekki vera í neinni samkeppni við Poulsen.

Með vísan til alls framangreinds sé ljóst að ekki sé ástæða fyrir Neytendastofu að aðhafast frekar í málinu.

Framangreindum trúnaðarkvöðum var aflétt með tölvubréfi frá Orku til Neytendastofu, dags. 2. febrúar 2021. Þann sama dag var Neytendastofu tjáð að ekki væri lengur þörf fyrir



framangreinda lendingarsíðu þar sem heyrnatólin væru komin í sölu. Vísar lénið polsen.is aðilum því beint á heimasíðu félagsins, bilrudur.is.

2.

Svarbréf Orku, ásamt tölvupóstssamskiptum frá 2. febrúar 2021, var sent Poulsen til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 3. febrúar 2021. Svar barst stofnuninni með bréfi, dags. 17. febrúar 2021.

Vísar Poulsen til þess að þegar farið sé inn á lénið polsen.is sé staðan óbreytt frá upprunalegu erindi Poulsen, dags. 24. júní 2020. Þegar lénið polsen.is sé slegið inn sé viðkomandi framsendur beint á aðal vefsíðu Orku, bilrudur.is. Lénið sé því notað af Orku til að beina viðskiptavinum yfir á vefsíðu félagsins. Lénið leiði ekki beint á þá slóð þar sem unnt sé að kaupa umrædd Polsen heyrnatól, heldur beint á bilrudur.is. Þá þurfi að fara nokkrar krókaleiðir til að finna hvar á vefsíðunni umrædd heyrnatól séu til sölu og ekkert á aðalsíðu Orku eða fyrirsögnum fyrir nánar tiltekna flokka vara sem seldar séu á vefsíðunni bendi sérstaklega á vörur undir vörumerkinu Polsen.

Poulsen hafi jafnframt haft samband við The Gradus Group, eiganda vörumerkisins Polsen, sbr. tölvupóstsamskipti sem fylgi bréfinu. Í þeim samskiptum komi í ljós að enginn viðurkenndur söluaðili fyrir Polsen vörur sé til staðar hér á landi. Í augum Poulsen virðist sem Orka hafi keypt umrædd heyrnatól af þriðja aðila og selji sjálfir á vefsíðu sinni, án þess að tilskildar ábyrgðir fylgi. Telur Poulsen allt benda til þess að um sé að ræða málamyndagerning af hálfu Orku sem aðeins sé gerður í þeim tilgangi að réttlæta notkun á léninu polsen.is. Þá virðist ennfremur sem sala á heyrnatólum falli ekki neitt sérstaklega að annarri starfsemi Orku, sem fyrst og fremst felist í bílrúðuskiptum og sölu á málningarvörum og bónvörum fyrir bíla.

Poulsen ítreki þá afstöðu sína að háttsemi Orku feli í sér brot gegn ákvæðum laga nr. 57/2005, sér í lagi 5. og 15. gr. a. laganna, og vísar til kvörtunar félagsins til Neytendastofu þann 24. júní 2020 varðandi sjónarmið og röksemdir.

Með vísan til framangreinds ítreki Poulsen fyrri kröfur sínar í málinu.

3.

Svarbréf Poulsen var sent Orku til umsagnar þann 18. febrúar 2021. Svar Orku barst Neytendastofu með bréfi, dags. 9. apríl 2021.

Í bréfinu kemur fram að Orka mótmæli öllum ásökunum Poulsen um ólögmdæta viðskiptahætti. Orka hafni því jafnframt að sala á Polsen vörum sé málamyndagerningur og að varan geti ekki talist falla að annarri starfsemi félagsins.

Orka vilji taka það fram að félagið sé í góðri trú um að ekkert ólögmdætt sé við nýtingu þeirra á léninu polsen.is. Orka bendi á að félaginu sé frjálst að velja vörur í verslanir sínar og að



heyrnatólin séu tilvalin viðbót við vöruúrval félagsins. Í þessu samhengi megi benda á að margir af viðskiptavinum Orku starfi t.d. við bílréttingar og bílaþvott, og sá hópur sé líklegur til þess að vilja kaupa sér heyrnatól, þá sérstaklega vegna lágs verðs og hljóðeinangrandi eiginleika þeirra.

Orka bendi Neytendastofu á að viðskiptavinir geti verslað Pölsen heyrnatólin á heimasíðu félagsins og í verslun. Mjög einfalt sé að finna heyrnatólin í vefverslun félagsins, það megi líka finna þau með því að ýta á „Pölsen Heyrnatól“ undir flípanum verkfæri og jafnframt með því að nota leitarvél heimasíðunnar. Orka óski eftir því að Neytendastofa leiðbeini félaginu ef talin sé þörf á úrbótum á þessu fyrirkomulagi.

Af gefnu tilefni vilji Orka jafnframt benda á að félagið hafi sannanlega verið í samskiptum við erlenda birgja í þeim tilgangi að finna hagkvæmustu leiðina til að selja Pölsen heyrnatól á Íslandi. Það hafi einmitt verið í kjölfar þeirra samskipta sem Orka keypti nokkur eintök af umræddum heyrnatólum svo hægt væri að „prófa markaðinn“ og sýna viðskiptavinum vöruna.

Þá vilji Orka benda á að við mat á ruglingshættu í máli þessu verði að líta til þess að merki Orku sé mjög greinilegt á heimasíðu félagsins og hreinlega blasi við öllum þeim sem þangað koma. Ekki sé hægt að finna nein líkindi við einkenni Pölsen á síðunni og að einnig megi benda á að merki og önnur einkenni Orku séu gjörólík merkjum og einkennum Pölsen. Þannig ætti ekki einn einasti einstaklingur sem rati inn á vefsvæði Orku að halda að hann sé í raun að eiga viðskipti við Pölsen.

Með vísan til alls framangreinds ítreki Orka að ekki sé ástæða fyrir Neytendastofu að aðhafast frekar í málinu.

Bréf Orku var sent Pölsen til upplýsingar með bréfi Neytendastofu, dags. 21. apríl 2021. Með bréfinu var aðilum málsins tilkynnt um lok gagnaöflunar og að málið yrði tekið til ákvörðunar stofnunarinnar.

III. Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar kvörtun Pölsen ehf. yfir notkun Orku ehf. á léninu polsen.is. Með vísan til 5. gr. og 15. gr. a. telur Pölsen að notkun Orku á léninu skapi ruglingshættu hjá neytendum á bæði auðkenni Pölsen og léni félagsins, pölsen.is, og framangreindu léni Orku, enda sé það aðeins stafurinn „u“ sem skilji á milli þeirra. Sjón- og hljóðlíking sé algjör. Þegar neytendur skrá inn lénið polsen.is í vafra séu þeir áframsendir beint á aðal síðu Orku, bilrudur.is. Þá sé erfitt að finna umrædd heyrnatól á heimasíðu félagsins. Telur Pölsen að um málamyndagering sé að ræða með það að markmiði að réttlæta notkun á léninu til þess ná af



Poulsen viðskiptum í vondri trú og með óréttmætum hætti. Því til viðbótar falli sala á heyrnatólum illa að annarri starfsemi Orku.

Orka hafnar öllum kröfum Poulsen í málinu og vísar m.a. til þess að þegar farið sé inn á vefsvæði félagsins sé hvergi minnst á Poulsen og að heimasíðan sé skilmerkilega merkt með auðkenni Orku, sem sé gjörólíkt auðkenni Poulsen. Því ætti neytendum að vera ljóst að þeir séu á vefsvæði Orku, ekki Poulsen. Orku sé frjálst að velja vörur í verslanir sínar og að heyrnatólin henti vel viðskiptavinum Orku með hliðsjón af þeim iðnaði sem félagið sinni aðallega.

2.

Í 5. gr. laga nr. 57/2005 er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í V. kafla laga nr. 57/2005 er fjallað um háttsemi milli fyrirtækja. Þar segir í 15. gr. a.:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því um líkt, sem sá hefur ekki rétt til er notar, eða reka atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í ákvæðinu felst almenn vernd auðkenna sem kemur til fyllingar á vörumerkjavernd. Efnislega er 15. gr. a. samhljóða ákvæði eldri laga um almenna vernd auðkenna. Fyrri málsliður 15. gr. a. hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérloggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Af lögskýringargögnum sést glöggt að ákvæðið skiptir máli um viðbótarvernd við þá vernd sem framangreind sérlög veita auðkennum. Þar kemur einnig fram að í 2. másl. greinarinnar sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti. Þetta ákvæði tekur því til sömu auðkenna og almenna reglan í 1. máslíð. Þessi málsliður á við í þeim tilvikum sem báðir málsaðilar eiga rétt til auðkenna sinna og þarf þá að líta til þess hvort notkun þess sem seinna byrjaði notkun valdi ruglingshættu milli aðila.

3.

Réttur til vörumerkis getur stofnast annars vegar fyrir skráningu og hins vegar fyrir notkun. Meginreglan er sú að eigandi merkis öðlast einkarétt til auðkennisins og er öðrum þar með óheimilt að nota það eða annað auðkenni sem líkist því svo mikið að ruglingshætta skapist. Ákvæði 15. gr. a. laga nr. 57/2005 er einkum ætlað að vernda auðkenni gegn því að keppinautur noti annað auðkenni sem líkist því mikið. Við mat á ruglingshættu er litið til þess hvort málsaðilar séu í samkeppni og hvort þeir séu á sama markaðssvæði. Til þess að njóta einkaréttar



verður auðkennið að vera þess eðlis að það geti aðgreint eiganda þess eða vöru hans eða þjónustu frá keppinautum og takmarkast verndin því að jafnaði við að auðkennið sé ekki almennt og lýsandi fyrir þá vöru eða þjónustu sem málsaðili og keppinautar hans bjóða. Samkvæmt ákvæðinu er það ekki gert að skilyrði að um ásetning sé að ræða. Þvert á móti fer fram hlutlægt mat á því hvort auðkenni líkist svo mikið að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni, þrátt fyrir að huglæg afstaða geti haft áhrif við matið.

Í máli þessu liggur fyrir að báðir aðilar starfa við innflutning og sölu á varahlutum í bifreiðar og halda úti verkstæði til að þjónusta bifreiðar. Starfa bæði félagin hér á landi og á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var ágreiningur á milli Poulsen og Orku um hvort félagin væru í samkeppni á markaði og störfuðu innan sama markaðssvæðis. Telur Neytendastofa því ljóst að Poulsen og Orka séu keppinautar og að báðir aðilar starfi á sama markaðssvæði.

Eins og fram kemur í gögnum málsins hefur starfsemi Poulsen verið rekin undir vörumerkinu POULSEN allt frá stofnun þess árið 1910, eða í um 110 ár. Þá skráði félagið lénið poulsen.is árið 1997 hjá ISNIC og hefur haldið því úti frá þeim tíma og gerir enn, eða í um 23 ár. Orka hóf hins vegar nýverið innflutning á heyrnatólum frá vörumerkinu POLSEN og skráði lénið polsen.is hjá ISNIC þann 14. maí 2020. Á fyrri stigum málsmeðferðar breytti Orka uppsetningu á léninu polsen.is þannig að lénið beindi aðilum á landingarsíðu sem auglýsti sérstaklega að heyrnatól frá Polsen væru væntanleg, en voru síðan áframsendir á heimasíðu Orku, bilrudur.is. Þegar heyrnatólin voru komin í sölu var landingarsíðunni hins vegar breytt þannig að polsen.is leiðir aðila aftur beint inn á aðalsíðu Orku, bilrudur.is. Báðir aðilar hafa því myndað rétt til auðkenna sinna að mati Neytendastofu og kemur 2. másl. 15. gr. a. laga nr. 57/2005 því til álita í málinu.

Eins og áður hefur komið fram lítur ágreiningur aðila að því hvort slík líkindi séu með léninu poulsen.is og firmaheiti Poulsen annars vegar, og léninu polsen.is hins vegar, að líklegt sé að neytendur villist á þeim. Sjálft auðkennið POULSEN er skírskotun til eftirnafns stofnanda félagsins. Orðið „*poulsen*“ á sér danskar rætur og er yfirleitt notað sem sérnafn. Orðið sjálft er ekki hluti af almennri málvenju neytenda á markaði fyrir aukahluti í bifreiðar og rekstur þjónustuverkstæða fyrir bifreiðar og er auk þess hvorki almennt né lýsandi fyrir slíka starfsemi. Það er því mat Neytendastofu að auðkennið teljist nægilega sérkennandi fyrir starfsemi Poulsen til að njóta verndar 15. gr. a. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur að líta verði til þess að aðilar eru keppinautar á markaði eins og áður greinir. Ruglingshætta er því líklegri til að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga í viðskiptum við aðila þessa máls. Veruleg líkindi eru með auðkenninu POULSEN, ásamt léninu poulsen.is, og léninu polsen.is, en eini munurinn er bókstafurinn „u“. Eins og fram kemur í gögnum málsins eru heitin borin fram með sama hætti og hljóðlíking því algjör. Þá telur Neytendastofa það jafnframt hafa áhrif við mat á ruglingshættu að lénið polsen.is vísar nú neytendum og öðrum aðilum beint inn á aðalsíðu Orku, bilrudur.is, og tengist þ.a.l. markaðssetningu á Polsen heyrnatólum ekki með beinum hætti. Þar að auki hefur félagið ekki stuðst við vörumerkið í



annarri markaðssetningu fyrr en hafin var sala á umræddum heyrnatólum. Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Neytendastofa að notkun Orku á léninu polsen.is sé líkleg til að valda ruglingi hjá neytendum sem gætu m.a. fyrir misritun farið inn á heimasíðu Orku.

Með hliðsjón af heildarmati á aðstæðum og gögnum málsins er það mat Neytendastofu að Orka ehf. hafi með skráningu og notkun á léninu polsen.is brotið gegn ákvæði 2. másl. 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005.

Neytendastofa telur rétt með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 að banna Orku notkun á léninu polsen.is

IV.

Ákvörðunarorð:

„Orka ehf., Stórhöfða 37, 110 Reykjavík, hefur með skráningu og notkun á léninu polsen.is brotið gegn ákvæði 2. másl. 1. mgr. 15. gr. a., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005 er Orku ehf. bönnuð öll notkun á léninu polsen.is í starfsemi sinni. Bann þetta tekur gildi fjórum vikum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar. Verði ekki farið að banninu má búast við að tekin verði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.“

Neytendastofa, 11. maí 2021

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir